



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd FljótSDalshrepps í Végarði
17. nóvember 2023 kl. 16:00.

Fundarmenn: Lárus Heiðarsson formaður, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir, Skarphéðinn Smári Þórhallsson og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

Eina efnið á dagskrá er kynning á deiliskipulagsvinnu fyrir athafna- og iðnaðarsvæði á Valþjófsstaðamelum og byggðakjarna í landi Hamborgar.

Lárus setti fund og bað Skarphéðinn Smára að gera grein fyrir framvindu og stöðu skipulagsvinnunnar. Smári lagði fram nýjan og breyttan uppdrátt af svæðinu á Valþjófsstaðamelum. Lóðirnar eru samtals 11 og sú stærsta rúm 6 þúsund m². Rætt um vatnsöflun fyrir væntanlega starfsemi og talið núverandi vatnsveita sem annar mannvirkjum á Skriðuklaustri og í Végarði muni ekki ráða við þessa viðbót. Einnig rætt um vatn til brunavarna, fráveitu, olúgildru og kröfur til hreinsunar ef rekstur og athafnastarfsemi innan svæðisins muni kalla það og þess verði krafist.

Í landi Hamborgar voru lagðar fram 2 tillögur. Gert er ráð fyrir íbúðasvæði á túninu vestan Þjóðveggar með 19 lóðum og með aðkomu inná svæðið frá honum. Einnig er gert ráð fyrir íbúðasvæði á hjallanum ofan túnsins með tæpum 40 lóðum og með aðkomu frá veginum uppá FljótSDalsheiði. Tillaga I gerir ekki ráð fyrir vegtengingu á milli svæðanna en í tillögu II eru svæðin samtengd með vegtengingu. Ýmislegt kom til umræðu um tillögurnar svo sem hvernig ætti að bregast við óskum um dýrahald og aðstöðu til þess svo og ýmsa þjónustustarfsemi, hvort ætti á hefja framkvæmdir á túninu eða hjallanum, hvort umfangið og fjöldi lóða sé full mikill á þessu stigi eða hvort skilja á tillögurnar sem svo að verið sé að sýna hvað allt svæðið getur boðið uppá í fjölda lóða í heild sinni. Einnig rætt um hugsanleg nöfn á hverfinu og götum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:00

Sign: Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir og Skarphéðinn Smári Þórhallsson. Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

P.s. Eftirskrift. Úr skipulagslögum um deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reit innan sveitarfélags. Í deiliskipulagi eru teknar ákvarðanir um lóðir, lóðanotkun, byggingarreiti, byggðamynstur, þ.m.t. nýtingarhlutfall, útlit mannvirkja og form eftir því sem við á og aðrar skipulagsforsendur sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa.

Deiliskipulag skal gera fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og skal jafnan miða við að það taki til svæða sem mynda heildstæða einingu.

Við gerð deiliskipulags skal byggt á stefnu aðalskipulags og hún útfærð fyrir viðkomandi svæði eða reit.

Deiliskipulag skal setja fram á skipulagsuppdrætti ásamt skipulagsgreinargerð. Í greinargerð deiliskipulags er forsendum þess lýst og sett fram stefna deiliskipulagsins og umhverfismat áætlunarinnar, þegar við á. Í greinargerðinni skal m.a. setja skipulagsskilmála í samræmi við stefnuna. Á skipulagsuppdrætti deiliskipulags skal setja fram þá stefnu sem kynnt er í skipulagsgreinargerð fyrir skipulagssvæðið að svo miklu leyti sem það getur átt við.

Til umhugsunar og umræðu við framhald skipulagsvinnunnar:

- Hvort ætti að hefja undirbúning lóða á túninu eða á hjallanum.
- Hvað ætti að gera margar lóðir byggingarhæfar í upphafi.
- Hvaða hugmyndir eru um eftirspurn eftir búsetu í byggðakjarnanum.
- Hvað með dýrahald innan svæðisins. Hestar, hundar, kettir, hænur ofl.
- Á að gera ráð fyrir lóð með leiktækjum f. börn og jafnvel leikskóla.
- Hvaða smáþjónustu ætti að leyfa innan svæðisins svo sem: Hárgreiðslu, nudd, trésmíði, skrifstofu- og tölvuvinnslu o.þ.h.

Fylgiskjöl: 1. Végarður. Athafna- og iðnaðarlóð. 2. Hamborg. Tillaga 1. 3. Hamborg. Tillaga 2.




10 m belti allt í hringum svæðið sem verður plantað trjám og runnum til að brjóta vind inn á svæðið. Þar verða göngustígur og bekkir.

Veitur verða lagðar í laga skurði við götur og undir göngustígum

Eins hæða hús neðan götu en tveggja hæða hús ofan götu.


Á að leyfa húsdýr (hænur, hesta o.svfr.)
 Veitur (vatn, fráveita, rafmagn og ljósleiðari)
 Þarf að skoða slökkvivatn
 Vegtenging

Opin svæði sem verður plantað trjám og runnum til að brjóta vind inn á svæðið. Þar verða göngustígur og bekkir.



Tillaga I Í VINNSLU

Map CRS: EPSG:3057
 Coordinate Units: Meters
 Map Scale: 1:2.200
 Page Size: 420 x 297 mm
 Made with: QGIS 3.30 on Windows
 Project File: L:\04-Landskipti\705-Fljótisdalur\009-Hamborg\Teikningar\Grunnur Hamborg.qgz



Mælikvarði 1:2.200



Verk: Hamborg - Fljótisdal T1 (A2)	Teikningar: 04 705 009 L001
Unnið fyrir: Fljótisdalshrepp	Útgáfa: 000






10 m bælti allt í hringum svæðið sem verður plantað trjám og runnum til að brjóta vind inn á svæðið. Þar verða göngustígur og bekkir.

Veitur verða lagðar í laga skurði við götur og undir göngustígum

Eins hæða hús neðan götu en tveggja hæða hús ofan götu.


Á að leyfa húsdýr (hænur, hesta o.svfr.)
 Veitur (vatn, fráveita, rafmagn og ljósleiðari)
 Þarf að skoða slökkvivatn
 Vegtenging

Opin svæði sem verður plantað trjám og runnum til að brjóta vind inn á svæðið. Þar verða göngustígur og bekkir.



Tillaga II Í VINNSLU

Map CRS: EPSG:3057
 Coordinate Units: Meters
 Map Scale: 1:2.200
 Page Size: 420 x 297 mm
 Made with: QGIS 3.30 on Windows
 Project File: L:\04-Landskipti\705-Fljótisdalur\009-Hamborg\Teikningar\Grunnur Hamborg.qgz



Mælikvarði 1:2.200



Verk: Hamborg - Fljótisdal T2 (A2)	Teikningar: 04 705 009 L001
Unnið fyrir: Fljótisdalshrepp	Útgáfa: 000






10 m belti allt í hringum svæðið sem verður plantað trjám og runnum til að brjóta vind inn á svæðið.

Veitur verða lagðar í laga skurði við götur og undir gögnustígum

Veitur (vatn, fráveita, rafmagn og ljósleiðari)


þarf að skoða slökvivatn

Vegtenging



Tillaga Í VINNSLU

Map CRS: EPSG:3057
 Coordinate Units: Meters
 Map Scale: 1:1.000
 Page Size: 420 x 297 mm
 Made with: QGIS 3.30 on Windows
 Project File: L:\02-Deiliskipulag\705-Fljótshreppur\002-Végarður\Teikningar\Végarður DSK.qgz



Mælikvarði 1:1.000

17-11-2023 - Skarphéðinn Smári Þórhallsson
 Tel: + 354 868 6836 - @:smari@logg.is - www.logg.is



Verk:
Végarður T
Unnið fyrir:
Fljótshreppur

Teikningarnr:
04 705 009 L001
Útgáfa:
000

